

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1672
komudagur 24.5. 2007

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is

Akureyri 21. maí 2007


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings fékk til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis frumvarp til skipulagslaga, 661. mál, heildarlög. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin er hlynnt þeirri breytingu sem felst í að skilið er á milli mannvirkja- og skipulagshluta núgildandi laga þar sem annar hlutinn fjallar í meginatriðum um tæknileg úrlausnarefni en hinn um stefnumótandi áætlanir. Stjórnin telur flestar þær breytingar sem fram koma í frumvarpinu vera til bóta.

Stjórnin gerir þó athugasemdir varðandi framsal á skipulagsvaldi sveitarfélaga eins og það kemur fram í ákvæðum um gerð landsskipulagsáætlunar. Stjórnin getur ekki fallist á tillögur að landsskipulagi að óbreyttu. Skipulagsvaldið er einn af grunnþáttum í sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga og gerð skipulagsáætlana er um leið eitt mikilvægasta verkefni þeirra og verkfæri. Í því felst einnig réttur íbúanna til að ráða hvernig þeirra nánasta umhverfi er skipulagt. Samkvæmt frumvarpinu verður til nýtt skipulagsstig, landsskipulag, æðra skipulagi sveitarfélaga. Stjórnin telur því að endurskoða þurfi III. kafla frumvarpsins ásamt 12. grein með það að markmiði að ekki verði gengið á sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Tekið skal fram að í þessu felst ekki andstaða við að mótuð sé landsskipulagsstefna sem taka þarf tillit til. Að öðru leyti er vísað til athugasemda og ábendinga Sambands ísl. sveitarfélaga.

f.h. stjórnar Eyþings


Petur Þór Jónsson
framkv.stjóri



Félag byggingarfulltrúa

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 133/1660
komudagur 20.4.2007

Þorlákshöfn 20. apríl 2007

Málið varðar umsagnir um frumvörp.

öbl. mál

1. **Frumvarp til skipulagslaga: Fyrirspurnir sem ég hef fengið frá félögum.**

3.gr Á ekki að falla burt að utanríkisráðherra fari með yfirstjórn skipulagsmála á varnarsvæðum?
Varðandi frumkvæðið að gerð svæðisskipulags, er ekki markvissara að Skipulagsstofnun komi verkinu af stað?

8. gr Falli brott

Ábending hefur komið frá félögum í Fb:

22. gr. Er ekki rétt að tiltaka fleiri sveitarfélög, þar sem gera skuli svæðisskipulag?
Er t.d. rétt að gert verði svæðisskipulag fyrir öll sveitarfélög á Reykjanesi,
öll sveitarfélög á Snæfellsnesi, allt Eyjafjarðarsvæðið og einnig Þingeyjarsýslur?

apríl 2007 / stjórn FB

Virðingarfyllt

Sigurður Jónsson, formaður Fb

skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Ólfuss
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn
sími beint 480 3800 og 896 4174 fax 480 3801
netfang: sigurdur@olfus.is
www.olfus.is

Alþingi
Erindi nr. P 133/1670
komudagur 11.5.2007

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

11. maí 2007

Félag íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA) vill þakka fyrir það tækifæri að fá að koma að athugasemdum sínum við frumvarp að nýjum skipulagslögum. Í heild sinni er félagið sátt við frumvarpið og lítur á það sem heillavænleg skref til framtíðar þó alltaf megi laga eitt og annað.

Athugasemdir félagsins eru færðar inn með rauðu letri og stutt skýring er sett inn neðanmáls með hallandi og undirstrikaðri skrift. Texti sem lagt er til að falli niður er merktur blár og yfirstrikaður.


Almennt um skipulagslögin:

Ýmis ákvæði hefðu verið æskileg varðandi „umhverfisskipulag“ (græn struktur) sveitarfélaga sem byggt hefðu t.d. á ákvæðum náttúruverndarlaga. Auk þess telur félagið mikilvægt að tengja skipulagslögin við Evrópska landslagssamninginn og lög um náttúruvernd.

Hér á eftir fer umsögn Félags íslenskra landslagsarkitekta og er bréfið alls 7 síður.

Virðingarfyllt,

f.h. Félags íslenskra landslagsarkitekta


Oddur Hermannsson, formaður laganeftdar FÍLA.

Frumvarp til skipulagslaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er:

b. að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,

Félag íslenskra landslagsarkitekta telur að mikilvægt sé að fjallað sé um „landslag“ og að þeirri auðlind sé komið á framfæri í samræmi við áherslu okkar á Evrópska landslagassáttmálin.

2. gr.
Skilgreiningar.

9. *Hverfisvernd*: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun landslags, sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja.

Í umfjöllun um hverfisvernd vantar umfjöllun um „landslag“ sem einn af vemdarflokkunum. Sjá jafnframt umsögn um 1. gr. hér að ofan.

4. gr.
Skipulagsstofnun.

g. að stuðla að og standa fyrir rannsóknum á sviði skipulagsmála í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila, svo og að annast eða stuðla að útgáfu upplýsinga um þau mál. Á hvert skal a.m.k. einum hundraðshluta af tekjum skipulagsgjalds varið til rannsókna á sviði skipulagsmála.

Ákvæði g í 4. gr. þarf að skilgreina betur og mikilvægt að tryggður sé tekjustofn til rannsókna, t.d. eins og gert er í 24. gr. Vegalaga (24. gr. Á hvert skal a.m.k. einum hundraðshluta af tekjum samkvæmt lögum um fjárföflun til vegagerðar, nr. 3/1987, varið til rannsókna og tilrauna við vege- og gætnagerð undirstíóm Vegagerðarinnar.)

Það vantar tilfinnanlega meiri upplýsingar um skipulagsmál byggðar á rannsóknum.

Ný grein á eftir 6. gr.
Ábyrgð hönnuða

Skipulagsuppdrættir og skipulagsáætlanir skulu vera gerðir af aðilum sem hlotið hafa löggildingu, sbr. 2. lið, 7. gr. skipulagslaga og sbr. gr. 2.7 í skipulagsreglugerð.

Hér þarf að bæta við nýrri lagagrein sem snýr að hæfi og ábyrgð þeirra sem sinna skipulagsgerð sbr. gr. 22., 24. og 25. í mannvirkjalögum. Mikilvægt er að skert sé á því hver hæfni þeirra sé sem vinna að skipulagsgerð. Of mikið er um það að tæknifræðingar sem enga menntun hafa í skipulagsgerð séu farnir að vinna á þessu sviði. Eins eru mörg dæmi um einstaklinga sem vinna skipulagsáætlanir og eru ekki á lista Skipulagsstofnunar (sbr. gr. 2.7. í skipulagsreglugerð) og uppfylla ekki skilyrði sem slíkir. Til hvers er slíkur listi ef ekki er farið eftir honum?

7. gr.

Skipulagsfulltrúar.

1. Vera skipulagsfræðingur sem hlotið hefur heimild iðnaðarráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996 og hafa sérhæft sig á sviði skipulagsmála í námi eða með starfsreynslu. Með sérhæfingu á sviði skipulagsmála er átt við að viðkomandi hafi lagt stund á nám á sviði svæðis-, aðal- eða deiliskipulags og/eða unnið að svæðis-, aðal- eða deiliskipulagsgerð í a.m.k. tvö ár.

2. Vera arkitekt, byggingarfræðingur, landslagsarkitekt, tæknifræðingur eða verkfræðingur sem hlotið hefur heimild til þeirra starfsheita samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996, og hafa sérhæft sig á sviði skipulagsmála í námi eða með starfsreynslu. Með sérhæfingu á sviði skipulagsmála er átt við að viðkomandi hafi lagt stund á nám á sviði svæðis-, aðal- eða deiliskipulags og/eða unnið að svæðis-, aðal- eða deiliskipulagsgerð í a.m.k. tvö ár.

Vandséð er hvers vegna skipulagsfræðingar eru tilgreindir með sérstökum hætti eins og hér er gert. Jafnframt verður að telja óeðlilegt að gerðar séu kröfur um starfsreynslu hjá þeim sem taldir eru upp í 2.mgr. en ekki þeirra

sem getið er í 1. mgr. því að starfsreynsla er eitthvað sem allir þurfa áður en þeir fara að sinna skipulagsgerð af einhverri alvöru.
Í reglugerð þarf að skilgreina hvernig mat á starfsreynslu er framkvæmt og tryggja að því sé fylgt eftir með einhverjum hætti.

12. gr.
Skipulagsskylda.

Ef talin er þörf á að vernda sérkenni landslags, eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar eða trjágróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd.

Mikilvægt er að tengja skipulagslögin við Evrópska landslagssamninginn og lög um náttúruvernd. Þetta er t.d. gert á miðg skýrann hátt í þýsku náttúruverndarlögunum í Finnlandi. Mikilvægt er að horfa á og vernda, viðhalda og brúa landslag sem auðlind enda sífellt betur að koma í ljós að landslag mun verða ein dýrmætasta auðlind framtíðarinnar, þ.e. hið ósnerta landslag (viðemi) og hið snerta landslag (menningarlandslag).

— Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

Óeðlilegt er að taka þessar tvær áætlanir sérstaklega fram með þessum hætti? Hvers vegna mætti þá ekki nefna samgönguáætlun off. Að mati Fila á að stofna tvo nýja landnotkunarflokka í aðalskipulagi sem myndu fjalla um þessa landnotkun. Í aðalskipulagi er „landbúnaðarsvæði“ ekki nægileg skilgreining á svæði þar sem hægt er að stunda landgræðslu og skógrækt. Í gildandi skipulagslögum hefur óljós staða landgræðslu og skógræktaráætlana valdið miklum misskilningi við gerð aðalskipulaga.

13. gr.

Framkvæmdaleyfi.

Öll efnistaka á landi og úr ám og vötnum eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999, um náttúruvernd

Eðlilegt væri ef að efnistaka úr ám og vötnum væri nefnd hér vegna þess að hún er að verða æ algengari þó hún sé bönnuð skv. vatnalögum. Fila telur mikilvægt að hnikkt sé á þessu ákvæði hér.

22. gr.

Ábyrgð á gerð og afgreiðslu svæðisskipulags.

— Á svæðum þar sem sveitarfélög telja þörf á að setja fram sameiginlega stefnu um byggðapróun eða einstaka þætti landnotkunar geta hlutaðeigandi sveitarfélög gert svæðisskipulag. Skulu þá hlutaðeigandi sveitarfélög skipa svæðisskipulagsnefnd, sbr. 9. gr.

Svæðisskipulag skal vera í gildi fyrir sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins. Til höfuðborgarsvæðis teljast Hafnarfjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Álftanes, Garðabær, Kópavogsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Svæðisskipulagsnefnd annast vinnslu, kynningu og afgreiðslu svæðisskipulags undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Svæðisskipulag er háð samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna og staðfestingu Skipulagsstofnunar eða umhverfisráðherra þegar það á við.

Lagt er til að fyrri hluti 22. gr. verði felldur niður og seinni hlutanum verði skeytt við 21. gr. laganna þar sem verð er að fjalla um sama efnið.

27. gr.

Breytingar á svæðisskipulagi.

Nú telur svæðisskipulagsnefnd að gera þurfi breytingu á gildandi svæðisskipulagi og fer þá um málsmeðferð skv. 22.–25. gr.

Hér vantar skýr ákvæði um það hvernig staðið skuli að afturköllun stjórnvaldsákvörðunar (ógildingu) og á þetta ákvæði jafnt við um svæðis-, aðal-, og deiliskipulag.

32. gr.

Afgreiðsla og gildistaka aðalskipulags.

Ráðherra synjar eða staðfestir aðalskipulag skv. 4. mgr. Staðfest aðalskipulag skal auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Slíkt aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu

umhverfisráðherra og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Stefna aðalskipulags er bindandi við gerð deiliskipulags og útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfa.

Hér er um óbarfa tvítækningu að ræða og er lagt til að þessi hluti 5. mgr. falli niður.

37. gr.

Deiliskipulag.

Deiliskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reit innan sveitarfélags. Í deiliskipulagi eru teknar ákvarðanir um lóðir, lóðanotkun, byggingarreiti, skipan gatna, byggðamynstur þ.m.t. nýtingarhlutfall, útlit mannvirkja og form eftir því sem við á og aðrar skipulagsforsendur sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa.

Hér vantar umfiöllun um skipan gatna sem oft eru mikilvægur þáttur deiliskipulags.

39. gr.

Deiliskipulag á landi í einkaeign.

Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um frístundabyggðasvæði þar sem sveitarfélag annast ekki gatnagerð eða aðrar sameiginlegar framkvæmdir og rekstur.

Óbarfi er að vera með orðið „frístundabyggðasvæði“ þar sem greinin fjallar almenn um skipulag á landi í einkaeign, þ.e.a.s. sveitarfélag sér ekki um uppbygginguna en kemur oftast að sem samningsaðili v/ rekstrar og eða yfirtöku eftir að framkvæmdum og uppbyggingu líkur.

40. gr.

Gerð deiliskipulags, kynning og samráð.

Vinni landeigandi eða framkvæmdaraðili að gerð deiliskipulags samkvæmt heimild sveitarstjórnar skal hann taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu sem sveitarstjórn þarf að samþykkja áður en hún er kynnt.

Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna fyrir almenningi. Í skipulagsreglugerð er kveðið nánar á um lýsingu deiliskipulagsverkefnis og kynningu hennar..

Deiliskipulagsferli eru alla jafna nokkuð tímatrök og með þessari lagaþreinu er verið að lengja það ferli enn frekar. Að mati Flla ætti umsýsla deiliskipulags að

vera alfarið á forræði sveitarfélaganna og utan umsýslu Skipulagsstofnunar.
Lagt er til að málsgreinin verði felld niður og skipulagsnefnd falið að veita eða
samþykkja slíka umsögn framkvæmdaaðila.

45. gr.

Skipulagsreglugerð.

Í skipulagsreglugerð skal kveða á um friðun eldri byggðar, trjágróður, girðingar og um auglýsingaskilti. Í skipulagsreglugerð skal kveða á um landslag og landslagsgæði ákveðinna svæða sem og náttúruvernd.

Lagt er til að ofangreind setning verði sett inn í 5. mgr. 45. gr. skipulagslaga.

51. gr.

Bætur vegna skipulags og yfirtaka eigna.

Nú veldur gildistaka skipulagsáætlana því að verðmæti fasteignar eða landsvæðis lækkar, nýtingarmöguleikar fasteignar eða landsvæðis hennar skerðast frá því sem áður var heimilt eða að verðmætið hún-rými svo að það nýtist ekki til sömu nota og áður og á þá sá sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum rétt á bótum úr sveitarsjóði eða ríkissjóði eftir atvikum vegna landsskipulagsáætlunar eða að hann leysi fasteignina eða landsvæðið til sín.

Lagt er til að slíkt ákvæði nái einnig til landssvæða sem hugsanlega skerðist vegna gildistöku skipulagsáætlana.

Alþingi
Erindi nr. P 133/1677
komudagur 7.9.2007



Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. september 2007

Efni: Umsögn FÍN um frumvarp til laga um brunavarnir, 663 mál, um frumvarp til skipulagslaga, 661 mál og frumvarp til laga um mannvirki, 662 mál.

Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) barst bréf dags. 23. mars 2007 frá Umhverfisnefnd Alþingis þar sem farið er á leit að FÍN veiti umsögn eigi síðar en 13. apríl 2007 um frumvarp til laga um brunavarnir, 663 mál, um frumvarp til skipulagslaga, 661 mál og frumvarp til laga um mannvirki, 662 mál.

Að svo komnu máli hefur Félag íslenskra náttúrufræðinga ekki athugasemdir við ofangreind frumvörp til laga.

Með kveðju

f.h. formanns FÍN,
Marianna H. Helgadóttir
framkvæmdastjóri FÍN

Alþingi
Erindi nr. P 133/1624
komudagur 26.3.2007



Hagstofa Íslands

23. mars 2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umhverfisnefnd, 661. mál, bréf nefndarinnar 20. mars 2007

Hagstofa Íslands hefur kynnt sér efni frumvarps til skipulagslaga, 661. mál, sem óskað er umsagnar um.

Hagstofan álitur að efni frumvarpsins tengist ekki verksviði hennar og umsögn um það sé því ekki á færi hennar.

F. h. r.

A handwritten signature in black ink, which appears to read 'Haukur Þormóður'.



Alþingi
Erindi nr. P 133/1644
komudagur 30.3.2007

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akranesi 29. mars 2007
Tilvísun: L06010005/022.1/MG/rlb

Efni: Frumvarp til skipulagslaga, 661. mál, heildarlög

Landmælingar Íslands gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til skipulagslaga sem sent var til umsagnar 20. mars 2007.

1. Í 47. grein frumvarpsins kemur fram að sveitarstjórnir skuli láta gera skrá yfir allar jarðir, lönd og lóðir innan sveitarfélagsins í landeignaskrá sem skal vera hluti af Landskrá fasteigna.


Vegna þessa er rétt að benda á að vinnuhópur dómsmálaráðherra hefur samið ítarlegt frumvarp um landeignaskrá og skilað ráðherra. Mikilvægt er að þessi tvö frumvörp séu skoðuð saman til þess að forðast mistök.

2. Í frumvarpið vantar ákvæði t.d. í 46. gr. að þeir sem mæla eða vinna kort vegna skipulags skuli fylgja útgefnum stöðlum og reglugerðum um þau efni.

Með kveðju

Magnús Guðmundsson
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1668
komudagur 24.4 2007



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
<http://www.os.is>

Umhverfisnefnd Alþingis
Selma Hafliðadóttir
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. apríl 2007
Tilvísun: 2007030018
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til skipulagslaga 661. mál og frumvarp til laga um mannvirki, 662. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 20. mars 2007, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til skipulagslaga, 661. mál og frumvarp til laga um mannvirki, 662. mál.

Eftirfarandi er umsögn stofnunarinnar um hvort frumvarp fyrir sig:

Frumvarp til laga um mannvirki

Byggingarleyfisskylda

Samkvæmt 2. gr. frv. er lögum um mannvirki ekki ætlað að gilda um innviði eins og samgöngumannvirki. Hins vegar er sérstaklega tekið fram í 8. gr. frv. að dreifi- og flutningskerfi veitna (raf-, hita-, vatnsveitna og fjarskipta) séu leyfisskyld. Þennan greinarmun telur Orkustofnun vera óeðlilegan. Í athugasemdum um helstu nýmæli frv. segir í d-lið að rök fyrir undanþágu frá byggingarleyfisskyldu hafi verið þau að um framkvæmdir á vegum opinberra aðila hafi áður verið að ræða en það sé ekki reyndin lengur þar sem með nýlegum breytingum á raforkulögum hafi rekstrarumhverfi orkumannvirkja verið breytt. Þarna er um verulega ónákvæmni að ræða.

Með raforkulögum nr. 65/2003 var opnað fyrir samkeppni í raforkuframleiðslu. Flutnings- og dreifikerfi raforku er hins vegar háð einkaleyfum og er í höndum fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga. Flutningsfyrirtækið Landsnet og dreifiveitur sæta eftirliti samkvæmt raforkulögum. Því gilda sömu rök um flutnings- og dreifikerfi raforku og áður voru fyrir undanþágu byggingarleyfisskyldu og sömu rök og enn gilda fyrir undanþágu samgöngumannvirkja frá skyldunni. Orkustofnun leggur því til að flutnings- og dreifikerfi raforku verði undanþegin byggingarleyfisskyldu skv. lögum um mannvirki.

Orkustofnun bendir á að skv. 3. mgr. 12. gr. frv. er ekki gert ráð fyrir öryggis-eða lokaúttekt vegna þeirra mannvirkja sem hér um ræðir, né heldur er gerð krafa um að fyrir liggi ábyrgðaryfirlýsingar byggingarstjóra vegna þeirra. Þetta telur Orkustofnun styðja skoðun stofnunarinnar um að óþarfi sé að gera mannvirkin byggingarleyfisskyld, því aðal rökin fyrir slíkri skyldu fælust væntanlega í því að öryggi þeirra sé tryggt. Stofnunin bendir á að samkvæmt gildandi lögum og 12. gr. frv. til skipulagslaga skulu allar framkvæmdir vera í samræmi við skipulag, svo byggingarleyfisskylda verður ekki réttlætt með vísun til þess.

Hins vegar telur Orkustofnun, ekki síst eftir að samkeppni komst á í raforkuframleiðslu, eðlilegt að virkjanir sæti sama formlega undirbúningi hvort sem þær eru framkvæmdar á vegum einka- eða opinberra aðila og séu byggingarleyfisskyldar. Orkustofnun bendir í þessu sambandi einnig á að verulega virðist hafa skort á að sveitarfélög hafi haft eðlilegt framkvæmdaefirlit með virkjunum á vegum einkaaðila, sem byggingarleyfisskyldar eru skv. gildandi lögum. Vill stofnunin benda á 4 nýleg dæmi um stíflurof virkjana, sem byggðar hafa verið af einkaaðilum.

Gjaldtaka

Í 1. mgr. 37. gr. frv. er kveðið á um innheimtu byggingaröryggisgjalds, sem notað skuli til að fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar. Í 39. gr. frv. er heimild fyrir ráðherra til að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast. Orkustofnun telur að skýra þurfi skil framangreindra ákvæða, þ.e. hvar fjármögnun með gjaldi samkvæmt 37. gr. frv. sleppir og hvar gjaldtaka skv. 39. gr. frv. tekur við.

Frumvarp til skipulagslaga

Orkustofnun fagnar áformum um að samræma áætlanir um landnotkun sem varða almannahagsmuni í landskipulagsáætlun, eins og lagt er til í 10. gr. frv. Það er og hefur verið skoðun stofnunarinnar að það sé réttur vettvangur til að samræma geiraáætlanir mismunandi stjórnvalda og að taka af tvímæli um rétt hæð slíkra áætlana. Stofnunin telur að með gerð landskipulags verði unnt að kveða niður deilur um landnýtingu hinna ýmsu geira samfélagsins og um rétt hæð áætlana og áforma um framkvæmdir.

Virðingarfyllt



Elín Smáradóttir



Alþingi
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 133/1648
komudagur 13.4.2007

12. apríl 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til skipulagslaga (661. mál), frumvarp til laga um mannvirki (662. mál) og frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum (663. mál).

Samtök atvinnulífsins, Samorka – Samtök orku- og veitufyrirtækja, Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði (SART), SVP – Samtök verslunar og þjónustu og Samtök iðnaðarins skiluðu sameiginlegri umsögn um ofangreind frumvörp á vinnslustigi til umhverfissráðuneytisins með bréfi sem dagsett er 7. september 2006. Fylgir umsögn sú bréfi þessu enda eru margar athugasemdir í því enn í fullu gildi þótt sumar þeirra eigi ekki lengur við.

Í frumvörpum þeim sem lögð voru fyrir Alþingi var að finna umfangsmiklar breytingar frá því samtökin fölluðu um þau á fyrri stigum. Við frumvörpin eru því gerðar eftirtaldar athugasemdir við meginatriði:

1. Miklum vonbrigðum er lýst með að engin ákvæði er að finna um byggingarvörur í frumvarpi til laga um mannvirki. Samtökin telja að einn megin kostur við Byggingarstofnun eins og gert var ráð fyrir að sú stofnun yrði byggð upp var að þar yrði að finna á einum stað þekkingu og faglega umfjöllun um öll svið byggingarmála. Samtökin lýsa yfir eindregnum stuðningi við að bætt verði inn í frumvarpið svipuðum ákvæðum og áður var að finna í sérstökum kafla um viðskipti með byggingavörur.
2. Samtökin telja óeðlilegt að kljúfa málaflökkinn í tvennt á milli Byggingarstofnunar og Neytendastofu. Það er eindregin ósk ofangreindra samtaka að Byggingarstofnun verði sú opinbera stofnun sem fer með málaflökkinn allan og í heild og heyri undir umhverfissráðuneytið. Annað býður upp á tvöfalt kerfi, misskilning, óvissu, aukinn kostnað og óhagræði.
3. Í fyrri drögum og í frumvarpinu nú er gert ráð fyrir að dreifikerfi orku-, vatns- og fráveitna falli undir löginn. Á það er bent að dreifikerfin eru sérleyfisskyld og því ekki í samkeppnisumhverfi. Því er það eindregin ósk að þessi kerfi falli ekki undir löginn fremur en vegir og hafnir sbr. 2. gr. frumvarps um mannvirki.

Samtökin treysta því að þau fái frumvörp þessi aftur til umsagnar áður en þau verða að lögum og áskilja sér rétt til að gera athugasemdir við einstakar greinar þeirra.

Virðingarfyllst,

Pétur Reimarsson
SA

Sigurður Jónsson
SVP

Guðstafr Adalfr Skúlason
Samorka

Eyjólfur Bjarnason
SI

Asbjörn Jónannesson
SART

Afrit sent: Umhverfissráðuneytið, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Arnarhvíli 150 Reykjavík



Umhverfissráðuneytið
Skuggasundi 1

150 Reykjavík

7. september 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til skipulagslaga og frumvarp um mannvirki

Vísað er til bréfs ráðuneytisins dagsett 30. júní sl. (UMH 06060162/0012) þar sem óskað er umsagnar um tvö lagafrumvörp þ.e. um frumvarp til skipulagslaga og frumvarp til laga um mannvirki. Jafnframt er vísað til samskipta við Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóra í umhverfissráðuneytinu, þar sem fram kom að ekki yrðu gerðar athugasemdir við það að umsögn Samtaka atvinnulífsins bærist ráðuneytinu fyrstu vikuna í september.

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, SVÞ-Samtök verslunar- og þjónustu, Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði (SART) og Samorka (Samtök raforku-, hita-, vatns- og fráveitna) skila hér með sameiginlegri umsögn um frumvörpin en áskilja sér rétt til að koma fram með frekari athugasemdir á síðari stigum. Vegna þess að með þeim frumvörpum sem hér er fjallað um eru allar veituframkvæmdir í fyrsta sinn gerðar byggingarleyfisskyldar mun Samorka auk þess skila sérstakri umsögn þar sem fjallað verður nánar um þau áhrif sem frumvörpin munu hafa á starfsemi veitna í landinu.

Samtökin telja að sú stefnumörkun, sem í frumvörpunum felst, í meginatriðum vera til mikilla bóta. Sérstaklega er því fagnað að skilja eigi að hina pólitísku stefnumörkun sem felst í frumvarpi til skipulagslaga og faglegri og tæknilegri útfærslu mannvirkja sem felst í frumvarpi til laga um mannvirki. Einnig er það framfaraskref að Byggingarstofnun skuli vera faglegur samræmingaraðili alls byggingaefirlits í landinu og það tryggt að útfærslur séu ekki mismunandi eftir því hvaða embætti byggingafulltrúa fjallar um málin og að unnt verði að leita eftir faglegri þekkingu á þessu sviði á einum stað. Mikilvægt er einnig að gerð skuli krafa um að allir eftirlitsaðilar skuli faggiltir. Jafnframt er til bóta að verkaskipting aðila skuli skýrð og ábyrgð sömuleiðis.

Að þessu sögðu eru gerðar alvarlegar athugasemdir við nokkur lykilatriði frumvarpanna:

Veitur

Miklum efasemdum er lýst við að allar veituframkvæmdir skuli gerðar byggingarleyfisskyldar og að þær verði að sæta öryggis- og lokaúttektum byggingarfulltrúa. Á það er bent að allar heimtaugar rafveitna, hitaveitna og vatnsveitna eru eign viðkomandi veitufyrirtækja og sama á einnig við um fjarskiptalagnir. Að gera allar framkvæmdir og breytingar á þessum veitum byggingarleyfisskyldar eins og lesa má úr 2. gr., 3. gr. og 8. gr. frumvarps til laga um mannvirki er öldungis fráleitt.

Bent er á að verk þessi skipta þúsundum á ári hverju og eitt fyrirtæki sem haft var samráð við um gerð þessarar umsagnar telur að byggingarleyfisskyld verk á sínum vegum gætu verið töluvert á þriðja þúsund á ári hverju. Flestum veitum er skylt að leggja heimtaugar á sínum starfssvæðum þar sem þær hafa að auki einkarétt til starfa og að kostnaður við byggingarleyfi vegna þessa með tilheyrandi úttektum og samþykktum getur kostað upphæðir sem hlaupa hugsanlega á hundruðum milljóna króna.

Kostnaður þessi mun leggjast á notendur veitnanna, almenning og atvinnulíf og getur leitt til þess að gjald fyrir lagningu heimtaugar hækki um tugi prósent. Mikilvægt er að hugað verði að skilgreiningum ýmsum er tengjast veitunum og þær samræmdar því sem er í öðrum lögum og bent á misvísandi notkun á hugtökunum „holræsi“ og „fráveitur“.

Því er skorað á ráðuneytið að endurskoða sérstaklega þau atriði er snúa að veitum og hafa samráð við veitufyrirtækin áður en frumvarpið verður lagt fram á Alþingi en ekki verður séð að slíkt samráð hafi átt sér stað enn þá. Mjög mikilvægt er að sem mest verði byggt á innra starfi og gæðakerfi fyrirtækjanna og úrtaksskoðunum beitt. Mikil ánægja hefur verið með þróun rafmagnsöryggismála á síðustu árum og hafa flestar stærri veitur verið að innleiða gæðakerfi í sínum rekstri til að tryggja gæði og öryggi.

Byggingareftirlit og byggingaröryggisgjald

Samtökin leggja áherslu á að allt byggingareftirlit verði fært út á markaðinn þar sem einkareknar faggiltar skoðunarstofur keppa sín á milli undir yfirumsjón Byggingarstofnunar. Engin ástæða er til að vera með blandað kerfi þar sem einkaaðilar eru að keppa við opinbera embættismenn. Slíkt býður upp á hættu á mismunun og óeðlilegt er einnig að selja Byggingarstofnun og byggingarfulltrúum sjálfðæmi um hvort þessir aðilar sinni byggingareftirliti heldur á meginreglan að vera sú að þetta eftirlit sé í einkarekstri.

Andstöðu er lýst við álagningu byggingaröryggisgjalds eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Slíkt gjald mun hækka byggingarkostnað í landinu og greiðast af almenningi og atvinnulífi. Verði slíkt gjald lagt á í tolli er grundvallaratriði að það verði ekki til að bjaga samkeppni og veita tilteknum vörum forskot á kostnað annara. Nánast er útilokað að sjá fyrir alla möguleika sem upp geta komið og mjög erfitt verður að tryggja jafnræði í raun. Sem dæmi má nefna húseiningar (innlendar eða innfluttar) geta borið gjald að fullu en vinna sem unnin er á byggingarstað við sambærilega smíð ber ekki gjald.

Á það er bent að samkvæmt heimasíðu Brunamálastofnunar voru tekjur hennar á síðasta ári um 215 mkr og hagnaður um 70 mkr (40 mkr 2004) og að tekjur Neytendastofu af rafmagnsöryggismálum eru taldar vera um 180 mkr á sama tíma. Þannig eru heildartekjur ríkisins vegna starfsemi þeirrar sem ætlunin er að færa undir Byggingarstofnun líklega nálægt 400 mkr. Auk þessa má benda á að ríkið hefur nú verulegar tekjur af vörugjöldum af byggingarvörum (lauslega áætlað allt að 2000 mkr á ári) þannig að innheimt gjöld af atvinnugreininni eru því langt umfram þann kostnað sem ætlunin er að leggja til Byggingarstofnunar. Það er því nauðsynlegt að fyrirhuguð gjaldtaka verði metin með hliðsjón af þeim gjöldum sem þegar eru lögð á atvinnugreinina.

Rafmagnsöryggi

Á undanförmum árum hefur verið mikil sátt um þróun eftirlits með rafmagnsöryggi. Hið opinbera eftirlit hefur byggst á úrtaksskoðunum þar sem tekið hefur verið mið af innra starfi fyrirtækjanna og árangurs þeirra í fyrri úttektum. Eftir því sem fyrirtækin standa betur að sínum málum hefur verið dregið úr ytra eftirliti. Mikilvægt er að við þessu verði ekki hróflað. Engin leið er að átta sig á því í frumvarpi til laga um mannvirki hvernig ætlunin er að þessum málum verði fyrir komið í framtíðinni og nauðsynlegt að skýrt verði á um það kveðið í frumvarpinu.

Þá skal tekið fram að efasemdir eru meðal rafverktaka um þá ráðstöfun að flytja rafmagnseftirlit frá Neytendastofu til Byggingarstofnunar og jafnframt er þess eindregið óskað að haft verði samráð við samtök rafverktaka (rafmagnsiðnaðinn) við áframhaldandi vinnslu frumvarpsins.

Byggingarstjórn

Í frumvarpi að lögum um mannvirki er gert ráð fyrir því að um þrjá flokka byggingarstjóra sé að ræða þar sem heimildir til að starfa sem byggingarstjóri í hverjum flokki fyrir sig fari eftir menntun og reynslu og að það tengist tegund og stærð framkvæmdanna. Það er skoðun samtakanna að réttara sé að hafa einn flokk byggingarstjóra og láta aðila markaðarins um að velja sér hæfa byggingarstjóra. Vafi getur leikið á í hvaða flokki ákveðin framkvæmd á heima og ekki liggur t.d. ljóst fyrir hvaða munur er á „einföldu atvinnuhúsnæði“ sem fellur undir 1. tl. 26. gr. frumvarpsins og öðru atvinnuhúsnæði sem fellur undir 3. tl. sömu gr.

Þá er mótmælt því að tæknimenntaðir einstaklingar fái einungis að starfa við byggingarstjórn skv. 1. og 3. tl 26. gr. hafi þeir hlotið viðurkenningu Byggingarstofnunar sem hönnuðir aðal- eða séruppdráttar. Samtökin telja óraunhæft að gera þá kröfu til byggingarstjóra að þeir hafi viðurkenningu sem hönnuðir enda er stór hópur tæknimanna sem starfar aldrei inn á verkfræðistofu við hönnun heldur fer beint út í verktakafyrirtæki og starfar þar við stjórnun framkvæmda. Þessi krafa er heldur ekki gerð til þeirra sem falla undir 4. mgr. 27. gr. og skapast þannig misræmi sem ástæðulaust er að efna til.

Önnur atriði

Lagt er til að sett verði á laggirnar fagråd atvinnulífs og Byggingarstofnunar á svipaðan hátt og gert er ráð fyrir í 35. gr. laga nr. 91/2006 um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn. Fagráðið veiti atvinnulífi og stjórnvöldum ráðgjöf á þessu sviði og fjalli um drög að stjórnvaldsfyrirmælum og gjaldskrá. Einnig má benda í þessu samhengi á fjarskiptaráð sem starfar skv. lögum um fjarskipti sbr. reglugerð nr. 464/2006.

Mikilvægt er að frestur sá sem veittur er til að hefja framkvæmdir skv. 15. gr. frumvarps til skipulagslaga verði lengri en 12 mánuðir. Bent er á að hér getur verið um mjög umfangsmiklar framkvæmdir að ræða þar sem ljúka þarf hönnun og fjármögnun eftir að leyfi hefur verið gefið út. Auk þess getur kæra til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála seinkað því um marga mánuði að framkvæmdaleyfi liggi fyrir í raun. Lagt er til að umræddur frestur verði lengdur í a.m.k 2 ár. Sama á einnig við um frest til að hefja framkvæmdir skv. frumvarpi til laga um mannvirki.


Á undanförunum árum og áratugum hefur svokallað CE-kerfi verið að ryðja sér til rúms í Evrópu og er mikilvægt að hér á landi verði ekki farið hraðar í þróun kerfisins en almennt á sér stað í Evrópu.

Að lokum

Samtökin fagna því að hafa fengið tækifæri að tjá sig um frumvörpin á þessu stigi og lýsa sig reiðubúin til frekara samráðs um málið. Það er sérstaklega mikilvægt vegna þess að frumvörpin eru ekki fullunnin og í þau vantar lýsingu á þeim lagaákvæðum sem falla eiga brott og ekki er unnt að sjá fyrir breytingar sem frumvörpin geta haft í för með sér nema það liggi fyrir. Ekki fylgir heldur með mat á frumvörpunum samkvæmt lögum um opinberar eftirlitsreglur frá 1999 og þeim kostnaði sem fyrirhuguðum breytingum fylgja og það gerir torvelt að sjá fyrir afleiðingar frumvarpanna.

Virðingarfyllst,

Samtök atvinnulífsins



Samtök iðnaðarins




SART – Samtök atvinnurekenda í raf og tölvuiðnaði



Samorka



SVP – Samtök verslunar og þjónustu



Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1676
komudagur 20.7.2007

Samvinnunefnd um miðhálandi Íslands

Nefndarvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. júlí 2007

Mál: Umsögn samvinnunefndar miðhálandis varðandi frumvarp til skipulagslaga, 661. mál og frumvarp til laga um mannvirki, 662. mál.

Samvinnunefnd miðhálandis hefur fengið til umsagnar og fylgst með á fyrri stigum frumvarpi til skipulagslaga og frumvarpi til laga um mannvirki. Nefndarmenn hafa kynnt sér frumvörpin og á fundi nefndarinnar sem haldinn var á Þingvöllum 15. júní s.l. kynnti Hrafn Hallgrímsson arkitekt og fulltrúi umhverfisráðuneytisins frumvörpin fyrir nefndarmönnum. Eftirfarandi umsögn byggir á umræðum frá ofangreindum fundi auk þess sem vísað er til fyrri umsagna nefndarinnar um sömu mál.

Frumvarp til skipulagslaga 661. mál

Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að helsta markmið með setningu nýrra skipulagslaga sé að; skilgreina hlutverk mismunandi skipulagsáætlana. Nýjum lögum er auk þess gert að auka skilvirkni og sveigjanleika í skipulagsgerð.

Í bráðabirgðaákvæði 4 er þess getið að starfandi samvinnunefndir um svæðisskipulag skulu starfræktar þar til nýrri svæðisskipulagsnefnd hefur verið komið á fót. Í bráðabirgðaákvæði 5 segir að *“Umhverfisráðherra skal eigi síðar en árið 2009 leggja fyrir Alþingi í fyrsta sinn tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsáætlun, sbr. 10. gr., sem skal fjalla m.a. um miðhálandi Íslands. Þegar landsskipulagsáætlun hefur verið samþykkt skal umhverfisráðherra fella niður svæðisskipulag miðhálandis Íslands.”* Það er skilningur nefndarmanna að þar með ljúki jafnframt hlutverki samvinnunefndar miðhálandis. Landsskipulagsstefna tekur þannig yfir stefnumótandi þætti svæðisskipulags miðhálandis.

Samvinnunefnd miðhálandis hefur starfað á grundvelli Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Í nánú samráði við sveitarstjórnir sem stjórnarsýslu eiga á hálandi og hefur verið unnið að samræmingu aðalskipulagsáætlana og svæðisskipulags miðhálandis, auk samræmingar við aðliggjandi sveitarfélög.

Í umfjöllun nefndarmanna um frumvarp til nýrra skipulagslaga snúa athugasemdir fyrst og fremst að 10. og 11. gr. frumvarpsins sem fjalla um landsskipulag. Gerðar eru athugasemdir við aðkomu sveitarfélaga að málsmeðferð. Í 5. mgr. 10. gr sem fjallar um Landsskipulag er kveðið á um að landsskipulagsstefnan skuli vera bindandi fyrir skipulagsgerð sveitarfélaganna. Nefndarmenn töldu að vegið væri harkalega að skipulagsforræði sveitarfélaganna í landinu með þessu frumvarpi. Í frumvarpinu væri gert ráð fyrir að stjórnarsýsla og ákvarðanataka færi ennfrekar frá kjörnum fulltrúum en nú er.

Samvinnunefnd um miðhálandi Íslands

Skipulagsstofnun er með þessu frumvarpi falið það hlutverk að sjá bæði um framkvæmd vinnunnar við samræmingu og samráð og að stýra málsmeðferð tillögunnar þar til hún er lögð fram sem drög á þingi.

Í l.mgr.11.gr. segir; *“Einnig ber stofnuninni að hafa náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga.”* Í umfjöllun nefndarmanna kom fram að mikilvægt væri að skilgreina aðkomu sambands íslenskra sveitarfélaga að mótun frumvarpsins. Tryggja þarf að sjónarmið allra sveitarfélaga nái að heyrast. Nefndarmenn töldu að þrátt fyrir mikla tortryggni í garð skipan samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálandis árið 1999, þá hafi nefndin náð að skila veigamiklu hlutverki. Hlutverk nefndarinnar í samræmingu landnotkunar þvert yfir sveitarfélagsmörk og samstarf nefndarinnar við sveitarstjórnir hafi ávallt verið gott. Reynsla samvinnunefndar miðhálandis sýnir að sveitarstjórnir þurfi greiðan aðgang að mótun og breytingum á gildandi stefnu.

Samvinnunefnd miðhálandis hefur fram að þessu unnið að því markmiði að skila af sér skipulagsvaldinu til sveitarfélaganna árið 2008, eða þegar þau hafa lokið sinni aðalskipulagsvinnu. Það var án efa vilji löggjafans við setningu núgildandi skipulagslaga að skipulagsvaldið flyttist frá samvinnunefndinni til sveitarfélaganna. Það sem breytist við fyrirhugaða lagasetningu er að nú mun samvinnunefndin skila af sér skipulagsvaldinu til ríkisins. Sé það vilji löggjafans nú, þá er mikilvægt að sú ákvörðun sé meðvitund og rökstudd.

Eins og fram hefur komið gerir Samvinnunefnd miðhálandis ekki athugasemdir við það að verða lögð niður en vill samt sem áður koma á framfæri nokkrum athugasemdum og upplýsingum sem löggjafinn þyrfti að hafa í huga við lagagerðina og hugsanlega breytingu á lögum um þjóðlendur þar sem það á við. Í fyrsta lagi þá þarf ríkið sem stærsti eignaraðilinn á hálandinu að hugsa fyrir því með hvaða hætti á að þjónusta þetta svæði. Allar framkvæmdir eru háðar samþykki landeigenda og því þarf að hugsa fyrir því hvernig slíkri þjónustu eða umsýslu fyrir hálandið verði komið á. Í öðru lagi er sókn ferðamanna inná hálandið mikið að aukast og er mjög brýnt að unnin sé heildstæð áætlun um hversu mörgum ferðamönnum hálandið getur tekið á móti og hvað þarf að gera til þess að tryggja sem minnstar skemmdir á landi vegna sívaxandi umferðar. Þar sem það er vilji ríkisins að hálandið er að mestu leyti ríkisland þá þarf að fylgja þeirri stefnu eftir með nauðsynlegri uppbyggingu á þjónustu og eftirliti á hálandi Íslands.

Frumvarp til laga um mannvirki 662. mál

Samvinnunefnd miðhálandis áréttar fyrri afstöðu sína um mikilvægi þess að samræma byggingareftirlit og skráningu mannvirkja á hálandi Íslands.

Í 1 kafla í lið b. er þess getið að markmið laganna er m.a að stuðla að endingu og hagkvæmni mannvirkja m.a. með því að tryggja að þau séu hönnuð og byggð með þeim hætti að þau henti íslenskum aðstæðum.

Verkefni byggingareftirlits á miðhálandi hefur verið í höndum margra aðila. Á fundum og í ferðum nefndarinnar um hálandið hefur itrekað verið áréttað mikilvægi þess að útbúnar verði samræmdar reglur um skráningu bygginga á Miðhálandinu. Í svæðisskipulaginu kemur fram að mikilvægt er að kanna hvort þörf sé á sérákvæðum eða

Samvinnunefnd um miðhálandi Íslands

sérreglugerðum vegna bygginga á hálandinu s.s varðandi sérstakar kröfur um byggingartækni eða um gæðakröfur til bygginga, útlits og umhverfis.

Þessu er komið á framfæri til að áréttu mikilvægi könnunar um byggingarmál á hálandi m.a. þannig að í kjölfar verði hægt að taka afstöða til bygginga sem byggðar hafa verið í heimildaleysi.

Virðingarfyllst



Óskar Bergsson

Formaður samvinnunefndar miðhálandis

Alþingi
Erindi nr. P 133/1657
komudagur 17.4.2007



FÉLAG SKIPULAGSFRÆÐINGA
Pósthólf 298 • 101 Reykjavík •

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. apríl 2007

Efni: Umsögn og athugasemdir Skipulagsfræðingafélag Íslands (SFFÍ) um frumvarp til skipulagslaga, 661. mál, heildarlög, samkvæmt beiðni sem félaginu barst bréflega 20. mars 2007 frá Umhverfisnefnd Alþingis.

Skipulagsfræði er virt fræðigrein. Skipulagsfræðimenntun byggist á kennslu í helstu aðferðum og kenningum um hvernig best sé að stýra samfélaginu í gegnum breytingar á umhverfi mannsins þannig að sem færstir hljóti skaða af og sem flestir njóti góðs af. Námið er þverfaglegt og lögð er áhersla á að skipulagsfræðingur kunni að finna jafnvægi þrennskonar gilda: samfélagslegra gilda, markaðsgilda og umhverfisgilda.

Skipulagsgerð er flókið þverfaglegt ferli þar sem samþætta þarf marga ólíka þætti. Mikilvægt er að beita faglegum vinnubrögðum frá upphafi skipulagstillögunnar til lokauppráttarins. Aðferðafræði skipulagsfræðinnar felur í sér að greina umhverfið á svæðinu þar sem framkvæmd er fyrirhuguð og jafnframt að gera þarfagreiningu fyrir það samfélag sem fyrirhuguð er að byggja svæðið í framtíðinni. Til að þetta megi nást er mikilvægt að leita samráðs við alla hagsmunaaðila og hafa almannahagsmuni sérstaklega að leiðarljósi.

Forsenda fyrir góðri skipulagsvinnu er að nýta grunnrannsóknir úr öðrum fræðasviðum sem taka tillit til aðstæðna og umhverfis á hverju svæði, skipulagsfræðinám miðar að því að gera skipulagsfræðingum þetta kleift. Þá eru þeir þjálfaðir í því að vinna með ólíkum hagsmunahópum s.s. íbúum, stjórnáamönnum, fjárfestum og verktökum.

Í skipulagsfræðinámi er mikil áhersla á íbúalýðræði, því íbúarnir búa oft yfir þekkingu á staðhátum og það eru fáir staðir sem ekki búa yfir einhverri sál sem vert er að huga að og jafnvel varðveita.

Skipulagið þarf því að sameina greiningu svæðisins og þarfagreiningu samfélagsins.



FÉLAG SKIPULAGSFRÆÐINGA

Pósthólf 298 • 121 Reykjavík •

Sérhæfing skipulagsfræðinga felst m.a. í því að samhæfa niðurstöður sérfræðinga og samræma ólík sjónarmið hagsmunaaðila þegar ákvarðanir eru teknar um framtíðarnotkun lands og auðlinda, s.s. við skipulag íbúðasvæða, samgangna og staðarval stóriðju svo eitthvað sé nefnt.

Við gerð skipulags er mikilvægt að hafa í huga að verið er að hanna umhverfi fyrir manninn og að skipulagsgerðin er í rauninni fyrsta skrefið í að mynda búsetulandslagið og innra rými hins byggða umhverfis.

Við nám í skipulagsfræðum öðlast viðkomandi þjálfun til að lesa og greina samfélagsleg gildi, markaðsgildi og umhverfsgildi. Auk þess er viðkomandi þjálfaður í að vinna skipulagsupprætti, gera þrívíðar teikningar sem lýsa rýmismynduninni og jafnframt að skrifa greinargerð þannig að hægt sé að gert sér í hugarlund hvernig það væri að búa í því umhverfi. Mikil áhersla er á skýra og góða framsetningu sem er auðlesanleg og skiljanleg fyrir alla aðila.

Að öðru námi ólöstuðu þá er það skoðun SFFÍ að ekkert annað nám sé eins vel til þess fallið að vera grunnmenntun skipulagsfulltrúa sveitarfélaga og skipulagsfræði.

Gildandi lög og reglugerðir móta ramma fyrir skipulagsvinnuna. Fyrstu Skipulagslögin voru sett á Íslandi árið 1921. Þessi lög hafa ákveðna sérstöðu að því leiti að þau eru ekki þýdd úr öðrum norrænum lögum, heldur alfarið samin af Íslendingum og miðuð að íslensku samfélagi, menningu og náttúrufari. Menntun skipulagsfræðinga er víðtæk og nær til ólíkra greina eins og vistfræði, lögfræði, hagfræði, félagsfræði, verkfræði og byggingarlistar. Íslenskar aðstæður eru um margt ólíkar því sem gerist í öðrum löndum, gott dæmi um það er veðurfarið. Þar sem æskilegt þykir að bjóða upp á slíkt nám við íslenskar aðstæður hefur verið unnið áfram að málinu við Umhverfis- og byggingarverkfræðiskor HÍ og Umhverfisbraut LBHÍ. Reglur hafa verið samdar af SFFÍ : TILLÖGUR UM REGLUR UM NÁM Í SKIPULAGSFRÆÐUM. Umhverfisnefnd Alþingis er velkomið að fá allar frekari upplýsingar um námið og námskröfurnar ef þess er óskað.

Mikil þörf er á fleiri menntuðum skipulagsfræðingum og til að koma til móts við þá sem nú þegar starfa að skipulagsmálum og hafa ekki löggildingu sem skipulagsfræðingar er lagt til að komið verði á fót námi í skipulagsfræðum á meistarastigi. Þar gætu aðilar sem starfa í málaflokknum og hafa bakgrunn sem hæfir öðlast þá faglegu þekkingu sem þarf til að fá löggildingu starfsheitisins skipulagsfræðingur. Nám þetta mætti t.d. skipuleggja þannig að það unnt væri að stunda það með vinnu.




FÉLAG SKIPULAGSFRÆÐINGA

Pósthólf 898 • 101 Reykjavík •

Í ljós ofnagreiðdar umsagnar um mikilvægi skipulagsfræðimenntunar þá sendir SFFÍ inn meðfylgjandi athugasemdir við frumvarp til skipulagsslaga, 661. mál, heildarlög.

Virðingarfyllt,
f.h. Skipulagsfræðingafélags Íslands (SFFÍ)



Sigríður Kristjánsdóttir, formaður SFFÍ



FÉLAG SKIPULAGSFRÆÐINGA

Pósthólf 298 • 101 Reykjavík •

Athugasemdir SFFÍ vegna frumvarps til skipulagslaga, 661. mál, heildarlög.

Skipulagsfræðingafélag Íslands (SFFÍ) gerir eftirfarandi athugasemdir við ný skipulagslög með almannahag að leiðarljósi. Mikilvægt er, eins og dæmin sanna, að fagaðilar hafi umsjón með, og beri ábyrgð á, gerð og framsetningu skipulags.

Skipulagsfræðingafélag Íslands er fagfélag skipulagsfræðinga. Félagar hafa hlotið sérfræðimenntun í viðurkenndum menntastofnunum sem uppfylla kröfur félagsins til löggildingar fagheitisins *skipulagsfræðingur*. Þegar einstaklingur, sérmenntaður í skipulagsfræðum, hefur hlotið löggildingu fagheitis og gerist félagi í SFFÍ gengst hann undir siðareglur félagsins. Í 3.kafla siðareglna SFFÍ, “Ábyrgð”, segir m.a.:

3. Ábyrgð

3.1 Skipulagsfræðingar skulu setja almannahagsmuni ofar öðrum hagsmunum við gerð og framkvæmd skipulags.[].

3.2 Skipulagsfræðingar skulu í mætti sérþekkingar og menntunar sinnar stuðla að jöfnu aðgengi og áhrifum íbúa á skipulag og stuðla að skýrri og nákvæmri miðlun upplýsinga til almennings og hagsmunaaðila.

...

3.3 Skipulagsfræðingar skulu starfa í hag verkkaupa eða vinnuveitanda, að því tilskyldu að stríði ekki gegn þessum siðareglum.

...

Það er því skoðun okkar í stjórn SFFÍ að enginn sé betur til þess fallin að bera ábyrgð á gerð og framsetningu skipulagsáætlana en löggildir skipulagsfræðingar. Þess vegna leggjum við til að neðangreindar breytingar verði gerðar á nýjum skipulagslögum en þar er mikilvægast að einungis löggildir skipulagsfræðingar hafi réttindi til að undirrita lands-, svæðis- og aðalskipulagsáætlanir.

SFFÍ hefur fullan skilning á því að mikill skortur er á sérmenntuðum skipulagsfræðingum til að sinna öllum þeim fjölmörgu verkefnum sem snúa að þessum málaflokki. Það er því ekki nema eðlilegt að undanþágur séu gerðar eins og fram kemur bæði í núverandi

13.4.2007 Athugasemdir SFFÍ vegna frumvarps til skipulagslaga, 661. mál, heildarlög.



FÉLAG SKIPULAGSFRÆÐINGA

Pósthólf 298 • 121 Reykjavík •

lögum, nýjum lögum og í tillögunum hér að neðan. Það er hinsvegar skoðun stjórnar SFFÍ að rétt sé að leggja áherslu á mikilvægi ábyrgðar og faglegra vinnubragða í skipulagi með því að setja skýra kröfu í ný skipulagslög um að skipulagsfræðingar séu fyrsti valkostur í embætti skipulagsfulltrúa og að undanþága sé síðan veitt frá því ákvæði (sjá hér að neðan).

Með eftirfarandi breytingum telur SFFÍ að stuðlað sé að vandaðri vinnubrögðum, aukinni ábyrgð og betra umhverfi íbúanna. Hagsmunir almennings hljóta að vera í fyrirrúmi þegar gerðar eru áætlanir um framtíðarnot og uppbyggingu landsins.

Hér að neðan er vísað til greina í tillögu að nýjum skipulagslögum.

3. gr.

Í 3. mgr. segir:

Sveitarstjórnir annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Þær fjalla um leyfisumsóknir og veita framkvæmdaleyfi og hafa eftirlit með framkvæmd skipulagsáætlana og framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum.

SFFÍ leggur til að 3 mgr. 3 gr verði breytt á eftirfarandi hátt:

Sveitarstjórnir annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Þær fjalla um leyfisumsóknir og veita framkvæmdaleyfi og hafa eftirlit með framkvæmd og framfylgd skipulagsáætlana og framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum.

5.gr., 1.mgr.

SFFÍ leggur til að hér komi skýrt fram að forstjóri Skipulagsstofnunar hefði háskólamenntun í skipulagsfræði, væri löggiltur skipulagsfræðingur og uppfyllti skilyrði SFFÍ um starfsheitið. Taka ber út ákvæði um að nóg sé að hafa háskólamenntun “á sviði skipulagsmála” enda óljóst hvað það þýðir.

Til að koma til móts við þá sem nú þegar starfa að skipulagsmálum og hafa ekki löggildingu sem skipulagsfræðingar er lagt til að komið verði á fót námi í skipulagsfræðum á meistarastigi. Þar gætu aðilar sem starfa í málaflokknum og hafa bakgrunn sem hæfir öðlast þá faglegu þekkingu sem þarf til að fá löggildingu starfsheitisins skipulagsfræðingur. Náð þetta mætti t.d. skipuleggja þannig að það unnt væri að stunda það með vinnu. Sjá nánar í meðfylgjandi bréfi.



FÉLAG SKIPULAGSFRÆÐINGA

Pósthólf 298 • 101 Reykjavík •

7.gr

SFFÍ telur rétt að fella út 2.tl. 5.mgr. enda stangast hún á við löggildingu starfsheitisins skipulagsfræðingur. SFFÍ telur að þarna sé fagfélögum mismunað og sérhæft nám skipulagsfræðinga og starfsheiti þeirra gjaldfellt.

SFFÍ leggur til að í stað 2.mgr. 7.gr. komi ákvæði sem innihaldi eftirfarandi:

a) Umhverfiráðherra er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá 1.tl. 5.mgr. fáist ekki réttindamaður í starfið. Undanþága til 1 árs í senn og ekki framlengd nema reynt hafi verið að fá starfsmann sem uppfyllir skilyrði í 1.mgr.

b) Til að hljóta undanþágu frá 1.tl. 5.mgr. þarf að uppfylla hæfisskilyrðið:

Arkitektar, byggingarfræðingar, landslagsarkitektar, verkfræðingar og tæknifræðingar sem hlotið hafa heimild til þeirra starfsheita samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni og hönnunargreinum nr. 8/1996 og hafa sérhæft sig á sviði skipulagsmála í námi eða með starfsreynslu. Með sérhæfingu á sviði skipulagsmála er átt við að viðkomandi hafi lagt stund á nám í skipulagsfræðum og/eða unnið að svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi í a.m.k. tvö ár.

Til að koma til móts við þá sem nú þegar starfa að skipulagsmálum og hafa ekki löggildingu sem skipulagsfræðingar er lagt til að komið verði á fót námi í skipulagsfræðum á meistarastigi. Þar gætu aðilar sem starfa í málaflóknum og hafa bakgrunn sem hæfir öðlast þá faglegu þekkingu sem þarf til að fá löggildingu starfsheitisins skipulagsfræðingur. Nám þetta mætti t.d. skipuleggja þannig að það unnt væri að stunda það með vinnu. Sjá nánar í meðfylgjandi bréfi.

11., 21. og 28.gr.

SFFÍ leggur til að eftirfarandi ákvæðum verði bætt í 11., 21. og 28.gr.

Einungis þeir sem hafa löggildingu starfsheitisins *Skipulagsfræðingur*, skv. lögum um starfsheiti nokkurra hönnunargreina, hafa leyfi til að undirrita lands-, svæðis- og aðalskipulag. Skipulagsfræðingur skal hafa yfirumsjón með vinnu við áætlanir á áðurnefndum skipulagsstigum og bera ábyrgð á framsetningu þess.

Skipulagsáætlanir á lands-, svæðis- og aðalskipulagsstigi skulu undirritaðar af löggildum skipulagsfræðingi áður en þær eru afgreiddar úr sveitarstjórn.



FÉLAG SKIPULAGSFRÆÐINGA

Pósthólf 298 • 121 Reykjavík •

Til að koma til móts við þá sem nú þegar starfa að skipulagsmálum og hafa ekki löggildingu sem skipulagsfræðingar er lagt til að komið verði á fót námi í skipulagsfræðum á meistarastigi. Þar gætu aðilar sem starfa í málaflokknum og hafa bakgrunn sem hæfir öðlast þá faglegu þekkingu sem þarf til að fá löggildingu starfsheitisins skipulagsfræðingur. Nám þetta mætti t.d. skipuleggja þannig að það unnt væri að stunda það með vinnu.

37.gr.

SFFÍ leggur til að eftirfarandi ákvæðum verði bætt í 37.gr.

Þeir sem hafa yfirumsjón með deiliskipulagsvinnu og bera ábyrgð á framsetningu deiliskipulags skulu vera skipulagsfræðingar sem hlotið hafa heimild iðnaðarráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni og hönnunargreinum nr.8/1996.

Heimilt er að veita tímabundna undanþágu frá ákvæði 1.mgr. fáist ekki réttindamaður í starfið.

Til að hljóta undanþágu frá ákvæði 1.mgr. þarf að uppfylla hæfisskilyrðið:

Arkitektar, byggingarfræðingar, landslagsarkitektar, verkfræðingar og tæknifræðingar sem hlotið hafa heimild til þeirra starfsheita samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni og hönnunargreinum nr. 8/1996 og hafa sérhæft sig á sviði skipulagsmála í námi eða með starfsreynslu. Með sérhæfingu á sviði skipulagsmála er átt við að viðkomandi hafi lagt stund á nám í skipulagsfræðum og/eða unnið að svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi í a.m.k. tvö ár.

Deiliskipulag skal undirritað af þar til bærum fagaðila, sbr. 1.-3.mgr. áður en það er afgreitt í sveitarstjórn.

Til að koma til móts við þá sem nú þegar starfa að skipulagsmálum og hafa ekki löggildingu sem skipulagsfræðingar er lagt til að komið verði á fót námi í skipulagsfræðum á meistarastigi. Þar gætu aðilar sem starfa í málaflokknum og hafa bakgrunn sem hæfir öðlast þá faglegu þekkingu sem þarf til að fá löggildingu starfsheitisins skipulagsfræðingur. Nám þetta mætti t.d. skipuleggja þannig að það unnt væri að stunda það með vinnu.

45 gr. Skipulagsreglugerð


Að grein 2.7 samræmist þeim athugasemdum sem SFFÍ hefur gert er varða menntun og reynslu skipulagsfulltrúa (sjá athugasemd við grein 7 hér að ofan).




FÉLAG SKIPULAGSFRÆÐINGA

Pósthólf 298 • 101 Reykjavík •

Virðingarfyllst,
f.h. Skipulagsfræðingafélags Íslands (SFFÍ)


Sigríður Kristjánsdóttir, formaður SFFÍ

13.4.2007 Athugasemdir SFFÍ vegna frumvarps til skipulagslaga, 661. mál, heildarlög.



Alþingi
Erindi nr. P 133/1665
komudagur 9.5.2007
24. apríl 2007

Umhverfisnefnd Alþingis
B.t. Selmu Hafliðadóttur
150 Reykjavík

Undirritaður hefur að ósk yðar skoðað frumvarp til laga um breytingar á brunalögum, og ný lög um mannvirki og skipulag. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við frumvörpin:

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir.

1. Ekki er kveðið á um klippuvinnu við björgun úr bílflökum. Klippuvinna er mjög veigamikill þáttur í lífbjörgun og ætti því að vera sjálfsagður hlutur að kveðið sé á um það í lögum í hvers verkahring hún er. Þrátt fyrir þetta sinna flest slökkvilið í landinu þessu verkefni án þess að fá til þess sérstaka fjármuni. Að þessu verkefni sé sinnt af slökkviliðum er í samræmi við það sem tíðkast í löndunum í kringum okkur. Þetta er gamalt mál sem ítrekað hefur verið rætt við umhverfisráðuneyti, og nú nýlega við dómsmála- og samgönguráðuneyti. Nú hafa dómsmála- og samgönguráðuneyti sent frá sér álit um þetta, og er inntak þess að þessi mála-flokkur sé best kominn hjá umhverfisráðuneyti og geti þar með verið verkefni slökkviliða. Bent skal á að stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins hefur rætt um hvert áframhald þessarar þjónustu muni verða ef hún verði ekki færð til slökkviliðs með lögum.
2. Í 7. gr. frumvarpsins sem tekur til breytinga á 12. gr. laganna er lögð til sú nýjung í hlutverki eldvarnaeftirlits sveitarfélaga að það gefi umsagnir um brunavarnir við meðferð byggingarleyfisumsókna. Í 16. gr. 4. mgr. frumvarpsins til laga um mannvirki er það hinsvegar val byggingarfulltrúa hvort hann leita umsagnar t.d. slökkviliðs eða heilbrigðiseftirlits við yfirferð aðaluppdráttá. Hér virðist nokkur mótsögn á ferðinni, þ.e. byggingarfulltrúi má velja en slökkviliðsstjóri skal. Það er mjög gott ákvæði í mannvirkjalögum að byggingarfulltrúi hafi heimild til að óska aðstoðar frá öðrum opinberum aðilum vegna þessa, en orðalag í brunalögum mætti vera á þessa leið: “gefa umsagnir um brunavarnir við meðferð byggingarleyfisumsókna *óski byggingarfulltrúi þess*”. Þótt þetta verklag hafi verið viðhaft á höfuðborgarsvæðinu um lang árabíl er vert að hafa í huga að vegna stærðar eru slökkvilið í landinu misvel í stakk búin til þess að veita þessa þjónustu. Eðlilegt er því að byggingarfulltrúar geti valið að fela skoðunarstofu þetta verkefni.

Athugasemdir við frumvarp til laga um mannvirki.

1. Í 24. gr. frumvarpsins er fjallað um löggildingu hönnuða. Það er athyglisvert að hvergi í frumvarpinu kemur orðið “brunahönnun” fyrir. Þrátt fyrir það er fjallað um brunahönnun í núgildandi byggingarreglugerð og nokkur fjöldi verkfræðinga hefur aðalstarf sitt við brunahönnun. Enda er slík hönnun veigamikill hluti af

hönnun flestallra stærri og flóknari mannvirkja. Samkvæmt upplýsingum Brunamálastofnunar er sérstök reglugerð um brunahönnun í farvatninu, en spyrja má um lagastoð slíkrar reglugerðar ef lögin kveða ekki á um slíka hönnun. Hér ekki mælt með að brunahönnuðir þurfi sérstaka löggildingu til jafns við aðra sérhönnuði sem fjallað er um í greininni, heldur að brunahönnunin sem slík verði tilgreind. Í gildandi byggingarreglugerð er skýrt kveðið á um að brunavarnir skuli færðar inn á aðaluppdrátt sem er á ábyrgð aðalhönnuðar. Ef brunahönnun mannvirkja fer út fyrir það sem forskriftarákvæði byggingarreglugerðar kveða á um, þarf aðalhönnuður óhjákvæmilega að leita aðstoðar brunahönnuðar. Hætt er við að ábyrgðarmörk milli hönnuða geti hér orðið óskýr þar sem þetta hönnunarsvið er látið liggja milli hluta í lagafrumvarpinu.

2. Í greinum 34 - 35 í frumvarpinu er fjallað um öryggis- og lokaúttektir og er tilgreint að fulltrúi slökkviliðs skuli vera viðstaddur. Hér er þörf á að tilgreina hvert hlutverk þessa fulltrúa er. Verður t.d. hægt að veita byggingu öryggisúttekt gegn vilja slökkviliðsstjóra? Þá er vert að benda á að í lokaúttektum koma oft upp mál þar sem reynir á sérþekkingu og reynslu fulltrúa slökkviliðsins.


X

Athugasemdir við frumvarp til laga um skipulag.

661. mál

Hér eru nokkrar hugleiðingar fremur en athugasemdir um öryggi og skipulag. Séu mál skoðuð í víðu samhengi ákvarðast öryggi samfélags að nokkru leyti í skipulagi. Má þar nefna aðkomumöguleika slökkviliðs og lögreglu, fjarlægð milli bygginga og fjarlægð íbúðarbyggðar frá hættulegri starfsemi. Dæmi um vandamál af þessum toga er byggðapróun í grennd við sprengiefnageymslu á Hólmsheiði, en þar er byggð komin of nálægt geymslunni miðað við gildandi reglugerð þar um. Það er vafalítið erfitt að kveða á um stórt og smátt í lögum, en spurning er hvort ekki eigi að lögfesta að skipulag fái sérstaka rýni m.t.t. samfélagslegra öryggisþátta eða almannaheilla. Í skipulagsreglugerð væri síðan hægt að útfæra nánar hvað skuli rýnt og af hverjum.

Virðingarfyllst,


Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri höðurborgarsvæðisins.

Alþingi
Erindi nr. P 133/1649
komudagur 16.4.2007

Nefndasvið Alþingis
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. apríl 2007
Tilvísun: 2007030044/90.12
GG/BH
Tilv. ykkar: 20. mars 2007.

Efni: Frumvarp til skipulagslaga, 661. mál.

Með bréfi dags. 20. mars 2007 óskar umhverfisnefnd Alþingis umsagnar um ofangreint frumvarp. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við frumvarpið.

a. Landsskipulagsstefna.

Í almennum athugasemdum með frumvarpi til skipulagslaga er vikið að hlutverki ríkis og sveitarfélaga og samspili þessarra aðila í tengslum við gerð skipulags. Veigamikil breyting sem lögð er til með frumvarpinu og lýtur að þessu er að koma á s. k. landsskipulagsáætlun, sbr. III. kafla frumvarpsdraga. Með þeirri breytingu er stefnt að því að mörkuð verði stefna stjórnvalda í skipulagsmálum á landsvísu. Í athugasemdum með 10. og 11. gr. frumvarpsins kemur m. a. fram að hér er byggt á norrænni fyrirmynd. Gert er ráð fyrir að í landsskipulagsáætlun verði stefnt að samræmingu einstakra áætlana á landsvísu, s.s. samgönguáætlunar. Landsskipulagsáætlun yrði leiðarljós sveitarfélaga við gerð skipulagsáætlana í héraði. Ef vel tekst til með þessa breytingu í framkvæmd er hér vafalítið um framfaraspor að ræða í þágu almannahagsmuna.

b. Aðkoma stjórnvalda að gerð skipulagsáætlana og samráð við þau.

Í 12. gr. frumvarpsins er fjallað almennt um gerð og framkvæmd skipulagsáætlana. Áréttað er að skipulagsskylda nái til alls lands en jafnframt til hafsins innan marka sveitarfélaga. Ennfremur er kveðið á um að leita skuli eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem að hagsmuna eiga að gæta við gerð skipulags. Í ákvæðum 23., 30. og 40. gr. er fjallað sérstaklega um gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulags. Þar er tekið fram að leita skuli umsagnar hjá Skipulagsstofnunum og umsagnaraðilum þegar lýsing á skipulagsverkefni liggur fyrir.

Við gerð skipulags er í framkvæmd algennt að leitað sé tillagna Vegagerðarinnar um legu þjóðvega og við skipulagsvinnuna byggt á þeim gögnum sem lögð eru fram af hálfu Vegagerðarinnar. Vegagerðin sem veghaldari þjóðvega þarf að geta haft afskipti af og frumkvæði við skipulagsvinnu strax á vinnslustigi ef almannahagsmunir krefja. Þar er ekki eingöngu um að ræða ákvörðun um legu vega. Í mörgum tilvikum getur skipulag haft áhrif með beinum og óbeinum hætti á þjóðvegi, sem fyrir eru, s.s. með því að auka á þeim umferðarþunga, fjölga tengingum o.s.frv. Aðkoma að gerð skipulagsáætlunar strax á vinnslustigi er því mikilvæg og má fullyrða að í flestum tilvikum sé hún til staðar nú þegar og því eðlilegt að þess sjái stað í lögnum með einhverjum hætti. Af þeim sökum er lagt til að sú breyting verði gerð á frumvarpinu að við gerð skipulags skuli haft samráð og eftir atvikum leitað tillagna stjórnvalda sem ábyrgð bera á einstökum þáttum, s.s. veghaldara þjóðvega. Gera mætti t.d. eftirfarandi breytingu á 4. mgr. 12. gr. þar sem þetta er áréttað sérstaklega, og væri þá í samræmi við VI kafla vegalaga nr. 45/1994 og sama kafla í nýsamþykktum vegalögum sem taka gildi 1. janúar 2008.

„Við gerð skipulagsáætlana skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu. Haft skal samráð við viðkomandi stjórnvöld sem gæta almannahagsmuna, s.s. á sviði samgangna, og leita tillagna þeirra eftir því sem við getur átt“.

c. Framkvæmdaleyfi.

Í 13. gr. frumvarpsins eru almenn ákvæði um framkvæmdaleyfi, s.s. skyldu til að sækja um leyfi o.fl. Í athugasemdum með 13. gr. segir að skýrt sé nú kveðið á um hvenær sækja beri um framkvæmdaleyfi, þ.e. ávallt skuli sækja um framkvæmdaleyfi ef framkvæmd hefur áhrif á umhverfið. Í því samhengi má benda á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að einungis meiri háttar framkvæmdir verði leyfisskyldar. Mikilvægt er að ekki komi upp óvissa um leyfisskyldu hvað þetta varðar og er því lagt til að orðalagi í athugasemdum við 13. gr. verði breytt að þessu leyti. Jafnframt verður ekki hjá því komist að benda á að til bóta væri ef ákvæðið væri skýrara þar sem mjög matskennt er hvenær framkvæmd telst "meiri háttar". T.d. er engan mælikvarða að finna um það hvenær lagning vegar telst „meiri háttar“ í skilningi ákvæðisins. Getur þetta valdið verulegum vafa í framkvæmd. Af þeim sökum er gerð eftirfarandi breytingatillaga sem miðar að því að allar matsskyldar og tilkynningarskyldar framkvæmdir samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, verði framkvæmdaleyfisskyldar. Minnt skal á að ein helstu rökin fyrir upptöku framkvæmdaleyfis á sínum tíma voru tengd mati á umhverfisáhrifum og nauðsyn þess að eftirlit væri með því að farið væri eftir úrskurði skv. þeim lögum.

Með vísan til framangreinds er lögð til eftirfarandi breyting á 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins auk þess sem breyta þyrfti náttúruverndarlögum samsvarandi:

„Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum og ekki eru háð byggingarleyfi skv. lögum um mannvirkni“.

Í 2. mgr. 13. gr. er vísað til náttúruverndarlaga nr. 44/1999 varðandi leyfisskyldu fyrir efnistöku. Vegagerðin hefur bent á að eðlilegra sé að skipulagslög kveði til hlýtar á um

leyfisskyldu vegna efnistöku. Jafnframt er það afstaða Vegagerðarinnar að eðlilegra verði að teljast að sömu sjónarmið gildi um efnistöku og aðrar framkvæmdir. Þannig ætti annað tveggja að kveða á um að allar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið, séu framkvæmdaleyfisskyldar, þ.m.t. efnistaka, eða láta nægja að leyfisskylda taki til framkvæmda, sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Seinni kosturinn er eðlilegri að mati Vegagerðarinnar þar sem í lögum um mat á umhverfisáhrifum er að finna mælikvarða á það hvort framkvæmd kunni að hafa áhrif á umhverfið. Aðra skýra og hlutlæga mælikvarða er ekki að finna að því er séð verður. Ennfremur yrði til mikillar einföldunar að fara þá leið auk þess sem meiri líkur eru á að unnt verði að koma á samræmdri framkvæmd með þeim hætti um land allt en telja verður nokkurn misbrest þar á.

Með vísan til framangreinds er lögð til eftirfarandi breyting á 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins auk þess sem breyta þyrfti náttúruverndarlögum samsvarandi:

Framkvæmdaleyfi vegna efnistöku skal gefið út til tiltekins tíma þar sem gerð er grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæðinu."

Í 14. gr. er fjallað sérstaklega um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldra framkvæmda. Í 3. mgr. 14. gr. er sveitarstjórn veitt heimild til að binda matsskylda framkvæmd skilyrðum. Annars vegar er heimilað að binda framkvæmd skilyrðum sem fram koma í álit Skipulagsstofnunar. Hins vegar er veitt opin heimild til að binda framkvæmd skilyrðum sem sett eru „í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins“. Vegagerðin hefur á liðnum árum ítrekað orðið fyrir því að einstök sveitarfélög hafa sett ólögmat skilyrði fyrir framkvæmdaleyfi. Um er að ræða skilyrði sem í eðli sínu geta á engan hátt stuðlað að því að framkvæmdir verði í samræmi við gildandi eða fyrirhugaðar skipulagsáætlanir. Fyrir kemur að þau séu sett til að tryggja einkahagsmuni einstakra aðila sem hagsmuna eiga að gæta varðandi viðkomandi framkvæmd. Þessi skilyrði hafa einkum komið fram þegar um er að ræða framkvæmdir þar sem ekki er fyrir hendi skipulag, og sem leyfðar eru skv. ákvæði til bráðabirgða í skipulags og byggingalögum. Engu að síður telur Vegagerðin í ljósi reynslu mikilvægt að lagatextinn sé skýr hvað þetta varðar einnig þegar um er að ræða framkvæmdir þar sem skipulagsáætlun er fyrir hendi. Í athugasemdum í greinargerð með 14. gr. er gerð skýr grein fyrir því að skilyrðum skv. greininni er eingöngu ætlað að tryggja að framkvæmd verði í samræmi við skipulagsáætlanir. Með vísan til þess og til þess að orðalag ákvæðisins verði skýrt að þessu leyti er gerð eftirfarandi breytingatillaga á seinni málslið 3. mgr. 14. gr.:

„Jafnframt er sveitarstjórn heimilt að binda framkvæmd skilyrðum sem nauðsynleg eru til að tryggja að framkvæmd verði í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins“.

d. Leyfi sveitarstjórnar skv. 2. mgr. 37. gr.

Ofangreint ákvæði er svohljóðandi:

„Þegar ekki þarf að sækja um byggingaleyfi skv. lögum um mannvirki skal leita eftir samþykki sveitarstjórnar fyrir breytingum sem varða útlit, form og svipmót á viðkomandi svæði“.

Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð segir réttilega að hér sé um þætti að ræða sem sveitarstjórn getur kveðið á um í deiliskipulagi. Um sé að ræða skipulagsleg atriði sem skipulagsfulltrúi eigi að fjalla um. Nánari skýringar á þýðingu þessa ákvæðis skortir í greinargerðinni. Af orðalagi þess má ætla að það geti leitt til þess að allar framkvæmdir, sem áður hafa verið undanþegnar byggingaleyfi eða framkvæmdaleyfi, séu eftir sem áður háðar leyfi sveitarstjórnar að uppfylltum þeim matskenndu skilyrðum sem hér um ræðir. Ekki verður séð hvaða tilgangi þetta ákvæði þjónar sérstaklega þar sem önnur ákvæði frumvarpsins og frumvarps til laga um mannvirki taka á því hvenær afla þarf leyfis sveitarstjórnar fyrir framkvæmdum, eftir atvikum með nánari ákvæðum í reglugerðum. Ef á annað borð yrði talið nauðsynlegt að fella fleiri framkvæmdir undir leyfisskyldu verður að taka af öll tvímæli um hvaða framkvæmdir það eru sem hér eru háðar leyfi og skilgreina nánar hvenær svo háttar til að leita þurfi samþykkis sveitarstjórnar.

e. Deiliskipulag á landi í einkaeign.

Í 39. gr. er kveðið nánar á um deiliskipulag á landi í einkaeign og er ákvæðið óbreytt frá núgildandi lögum. Þar er m.a. kveðið á um að landeigandi skuli við deiliskipulagningu lands láta endurgjaldslaust af hendi þá hluta landsins sem skv. skipulaginu eru ætlaðir til almannaþarfa, s.s. undir götur, leikvelli og opin svæði, eða allt að þriðjung landsins. Vegagerðin hefur haldið því fram að skv. ákvæðinu beri að leggja endurgjaldslaust til land undir þjóðvegi með sama hætti og götur. Sömu rök um almannahagsmuni eigi við hvort sem um er að ræða götur í eigu sveitarfélags eða þjóðvegi í ríkiseigu. Því hefur hins vegar verið borið við af sveitarfélögum, nú nýlega af hálfu eins stærsta sveitarfélags landsins, að þetta ákvæði gildi ekki um þjóðvegi, þ.e. að þeir séu ekki ætlaðir til almannaþarfa með sama hætti og götur. Í skjóli þess hefur Vegagerðin verið krafín um bætur fyrir land sem sveitarfélag hefði getað tryggt endurgjaldslaust vegna nauðsynlegrar breikkunar þjóðvegjar. Til að taka af öll tvímæli um þetta og tryggja almannahagsmuni er lagt til að bætt verði við orðinu „þjóðvegi“, á eftir „götur“.

f. Ákvæði til bráðabirgða.

Eins og fram kom í c. lið athugasemda sem varða framkvæmdaleyfi hefur Vegagerðin misjafna reynslu af því hvernig sveitarfélög setja skilyrði með ólíkum hætti við útgáfu framkvæmdaleyfis. Langflest sveitarfélög fara að lögum hvað þetta varðar en því miður hefur reynslan leitt í ljós að misbrestur er þar á. Af þeim sökum telur Vegagerðin nauðsynlegt til að forða framkvæmdaraðilum frá vandræðum sem leitt geta af ólögætum skilyrðum, að þrengja heimild sveitarstjórna til setningar skilyrða fyrir því að heimila einstakar framkvæmdir þar sem ekki er fyrir hendi skipulag.

Í þessu sambandi má benda á að upphaflega var sveitarstjórnnum sniðinn þröngur stakkur hvað þetta varðar. Ákvæðið kom fyrst í lög í 2. mgr. 5. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 eins og þeim var breytt með 2. gr. laga nr. 31/1978. Samkvæmt því ákvæði voru aðeins tvennskonar skilyrði heimil. Annars vegar mátti skilyrða leyfi fyrir framkvæmd við að tiltekin gögn fylgdu umsókn. Hins vegar gat sveitarstjórn áskilið sér rétt til að krefjast þess að viðkomandi mannvirki yrðu fjarlægð sveitarstjórn að kostnaðarlausu ef þau samrýmdust ekki framtíðarskipulagi. Önnur skilyrði mátti sveitarstjórn ekki setja.

Frumvarpið er samhljóða gildandi lögum hvað varðar framkvæmdir, þar sem ekki er skipulag fyrir hendi. Sú sérkennilega staða er því uppi og verður óbreytt skv. frumvarpinu að sveitarstjórn er skv. gildandi ákvæðum betur sett en ella ef ekki er fyrir hendi skipulagsáætlun. Heimild sveitarstjórnar til að setja skilyrði yrði í þeim tilvikum mun viðtækari en ef skipulag væri fyrir hendi. Með vanrækslu á að uppfylla lagaskyldur með gerð skipulagsáætlana öðlast sveitarfélag sterkari stöðu að þessu leyti. Þessu ætti að vera þverðfugt farið og er lagt til að bætt verði úr því nú með eftirfarandi breytingu á ákvæði til bráðabirgða 1. t.l. þannig að einungis verði um að ræða skilyrði sem fram koma í álit Skipulagsstofnunar og jafnframt skilyrði er lúta að formlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og greiðslu leyfisgjalds:

„Sveitarstjórn getur án þess að fyrir liggja staðfest aðal- eða svæðisskipulag eða samþykkt deiliskipulag og að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar leyft einstakar framkvæmdir sem um kann að verða sótt. Sveitarstjórn getur bundið leyfi þeim skilyrðum sem fram koma í 3. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 15. gr. laganna“.

Virðingarfyllt


Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri.

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK


Reykjavík 12. apríl 2007

Tilvísun: 200703-0105/ 0.03.01

Varðandi frumvarp til skipulagslaga, 661. mál.

Vinnueftirlit ríkisins gerir ekki athugasemdir við frumvarp til skipulagslaga sem nú liggur fyrir.

Virðingarfyllst
f.h. Vinnueftirlitsins


Aslög Einarsson
lögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 133/1664
komudagur 24.4.2007

Endurskoðun skipulags- og byggingarlaga

Frumvarp til laga um mannvirki
X Frumvarp til skipulagslaga 661. mál
lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006 – 2007

Tillögur og ábendingar Öryrkjabandalags Íslands.

■65. gr. [Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.]¹⁾

¹⁾L. 97/1995, 3. gr.

(Úr stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands)

The Convention on the Rights of Persons with Disabilities and its Optional Protocol opened for signature on 30 March 2007

Article 9 Accessibility

1. To enable persons with disabilities to live independently and participate fully in all aspects of life, States Parties shall take appropriate measures to ensure to persons with disabilities access, on an equal basis with others, to the physical environment, to transportation, to information and communications, including information and communications technologies and systems, and to other facilities and services open or provided to the public, both in urban and in rural areas. These measures, which shall include the identification and elimination of obstacles and barriers to accessibility, shall apply to, inter alia:

(a) Buildings, roads, transportation and other indoor and outdoor facilities, including schools, housing, medical facilities and workplaces;

(<http://www.un.org/esa/socdev/enable/index.html>)

Inngangur:

„Allir skulu jafnir fyrir lögum“ segir í 65. gr. stjórnarskrárinnar og í 9. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna um rétt fólks með fötlun stendur:

“Accessibility,

1. To enable persons with disabilities to live independently and participate fully in all aspects of life, States Parties shall take appropriate measures to ensure to persons with disabilities access, on an equal basis with others, to the physical environment,...

Þetta eru grundvaliaratriði þegar rætt er um skipulags- og byggingarlög. Það er sama um hvað er rætt: menntun, starf, heilsugæsla eða félagslega þátttöku, ekkert af þessu getur talist á jafnræðisgrundvelli ef aðgengi er ekki að þeim byggingum sem um er rætt, götur, lóðir, útivistarsvæði eða þjóðgarða, svo dæmi séu tekin.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) hefur átt fulltrúa í bakhópi nefndar sem unnið hefur að endurskoðun byggingarhluta núgildandi skipulags- og byggingarlaga frá 2003. ÖBÍ telur að þar hafi verið vel að verki staðið, en harmar um leið, að hafa ekki fengið að koma að skipulagshlutanum með sama hætti. Öryrkjabandalag Íslands hefur að kjörorði: „Ekkert um okkur án okkar“. Þetta á ekki hvað síst við er unnið er að löggjöf eins og skipulagslög og lög um mannvirki sem hefur gífurleg áhrif á möguleika lang flestra félaga bandalagsins.

ÖBÍ hefur lagt inn athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um mannvirki þrisvar sinnum. Fyrst 15. september 2004, í annað sinn 18. janúar 2006 og að auki sumarið 2007. Þessar athugasemdir voru kynntar og ræddar af stjórnnum Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, Blindrafélagsins, Félagi heyrnarláusra, SEM ásamt ferlinefnd og framkvæmdastjórn ÖBÍ. Helstu áhersluatriði voru fjögur: Í fyrsta lagi að í markmiðsgrein kæmi „aðgengi fyrir alla“, í öðru lagi mikilvægi viðurlaga ef aðgengi væri ekki eins og kveðið væri á um í lögum, þriðja lagi: að skila þurfi inn „aðgengishönnun“ (sbr. brunahönnun) og í fjórða lagi lagði ÖBÍ á það mikla áherslu að bókin AÐGENGI FYRIR ALLA yrði sett á Netið, aðgengileg öllum. Þessar athugasemdir hafa verið teknar til greina, þó mis mikið og mis skýrt. Þá leggur ÖBÍ áherslu á að bandalagið verði haft með í samráði við smíði reglugerða, mannvirki og skipulagsreglugerð.

ÖBÍ leggur áherslu á að þessir lagabálkar hafi ákveðna samhljómun, annars vegar lög um mannvirki, sem eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis og hins vegar lög um skipulag sem eru mjög svo pólitísk, t.d. hvar á að vera aðgengi, hve gott og fyrir hveja?

Farið hefur verið yfir frumvarp til laga um mannvirki. Hér á eftir eru athugasemdir við hvern kafla og þá grein er um getur.

Frumvarp til laga um mannvirki:

I. kafli. Almenn ákvæði:

1. gr. e-liðar: „Að stuðla að aðgengi og frágengi fyrir alla.“

Öryrkjabandalag Íslands og þær stjórnir aðildarfélaga þess sem drögin hafa verið kynnt fyrir álíta að hér sé um mjög mikilvægt nýmæli að ræða. Flestir hefðu viljað að fastar væri kveðið að orði og með stoð í 65. gr. strjómarskrárinnar og annara laga er gera kröfu um jafnan rétt allra, teljum við standa ætti: „Að tryggja aðgengi fyrir alla“

Í drögunum sem kynnt voru á netinu sumarið 2007 var talað um „Frágengi“, sem er nýyrði í þessu sambandi er afar mikilvægt. Hingað til hefur ekki verið tekið tillit til allra í flóttaleiðum og má þar benda á að ef eldur kemur upp er stranglega bannað að nota lyftur. Lyftustokkar draga til sín eld og magna upp, líkt og skorsteinn við arinn. Í flestum stórum opinberum byggingum hafa verið gerðar áætlanir til leysa þessi mál í neyðartilvikum, en þá ávalt með utanaðkomandi aðstoð, en ekki möguleikum þeirra sem erfitt eiga um hreyfingu, eða lenda í vanda vegna sjónskerðingar, að ekki sé talað um þá sem ekki heyra í brunabjöllu. Þetta þarf að leysa og þó flestir skilji „aðgengi“ á þann vega að það þýði jafnframt að hægt sé að fara til baka, þá er það ekki alltaf tryggt, sbr. það sem sagt er um lyftur hér að framan og flóttaleiðir. Mikilvægt er að skilgreina þetta í reglugerð, en auk þess ætti að skilgreina „aðgengi fyrir alla“ í skilgreiningum í 3. gr.

3. gr. Skilgreiningar. Lagt er til að hér komi skilgreining á hugtakinu: „aðgengi fyrir alla“ með tillit til þess sem segir hér að framan

Einnig þarf að skilgreina „aðgengishönnun“. Sjá athugasemdir við 47. gr. Setning reglugerða,

II. kafli, Stjórnvöld mannvirkjamála:

ÖBÍ hefur miklar væntingar til þessarar nýju stofnunar. Aðgengi fyrir alla er okkur mjög mikilvægt og er forsenda fyrir þátttöku fjölmargra í samfélaginu, sem nú eru dæmdir úr leik. Má þar minna á 2. tölulið **5. gr.** er telur upp helstu verkefni Byggingarstofnunar: „2. að annast aðgengismál“. Nánari útfærsla veður vonandi í reglugerð.

III. kafli, Byggingarleyfi:

8. gr. Byggingarleyfisskildar framkvæmdir.

ÖBÍ skilur þetta svo að öll mannvirki skuli leyfisskyldar, annað hvort hjá byggingarfulltrúa og annars Byggingastofnun og skuli þá „aðgengileg öllum.“

IV. kafli, Ábyrgð eiganda og framkvæmd byggingareftirlits

ÖBÍ leggur áherslu á að ábyrgð sé ljós og hvert sé hægt að koma með athugasemdir eða kæra ef ekki er allt eins og á að vera samkvæmt lögum þessum og reglugerð.

ÖBÍ vonast til að Byggingarstofnun beiti virku eftirliti til „aðgengis fyrir alla“.

V. kafli, Hönnun mannvirkja:

21. gr. Hönnunargögn.

ÖBÍ leggur til að síðasta setning í seinni málsgrein verði: „Til fylgiskjala heyra m.a. byggingarlýsingar, aðgengishönnun, greinargerðir, forsendur og útreikningar.“
Hér mætti koma grein um „aðgengishönnun“. Nánari lýsing og hvar hún eigi við.

VI. kafli, Byggingastjórar og iðnmeistarar:

Engar athugasemdir

VII. kafli, Eftirlit með mannvirkjagerð:

35. gr. Lokaúttekt.

ÖBÍ leggur til að ákvæði fimmtu málsgreinar verði svohljóðandi:

„Komi í ljós við framkvæmd lokaúttektar að mannvirki uppfyllir ekki Öryggis-, hollustu- eða aðgengiskröfur getur eftirlitsaðili fyrirskipað lokun mannvirkis og lagt fyrir eiganda þess aðbæta úr og skal þá lokaúttektarvottorð ekki gefið út fyrir en það hefur verið gert.“

Mikilvægt er að mannvirki sem skulu vera aðgengileg öllum verði ekki tekin í notkun án lokaúttektar, a.m.k. hvað varðar „aðgengi fyrir alla“!

IX. kafli, Gjaldtaka og leyfisgjöld:

Engar athugasemdir

X. kafli, Þvingunarúrræði og viðurlög:

ÖBÍ telur mjög mikilvægt að í næst síðustu málsgrein 42. gr. verði aðgengi fyrir alla með í upptalningunni og að málsgreinin verði svohljóðandi:

„Reynist öryggi mannvirkis ábótavant eða aðgengi fyrir alla ekki eins og aðgengishönnun gerir ráð fyrir við öryggis- eða lokaúttekt þess eða það telst skaðlegt heilsu skal útgefnadi byggingarleyfis fyrirskipa lokun þess og koma í veg fyrir að mannvirki verði tekið í notkun fyrir en úr hefur verið bætt.“

X. kafli, Ýmis ákvæði:

47. gr, Setning reglugerða.

Hér telur ÖBÍ að í 2. tölulið verði nefnd „aðgengishönnun“, sem er eitt af þeim atriðum sem ÖBÍ leggur hvað mesta áherslu á.

Við meirihátta breytingar á eldra húsnæði er mikilvægt að verði hugað að aðgengi fyrir alla. Þetta var í reglugerð við eldri byggingarlög í tegslum við kafla um lyftur. Þetta ákvæði hefur af einhverri ástæðu fallið niður og er þess farið á leit af háflu ÖBÍ að tryggt verði með lögum eða reglugerðum að við meiriháttar breytingar á eldra húsnæði verði endurbætur hafðar með þeim hætti að byggingin verði aðgengileg öllum.

Frumvarp til skipulagslaga

Umhverfið ræður miklu um um líðan mannsins. Vel grunduð skipulagslög eru því ein helsta forsenda fyrir góðu samfélagi og er mikilvægt að markmið þeirra laga sé skýrt og öllum í hag.

Öryrkjabandalag Íslands fagnar að í markmiðsgrein frumvarpsins sé komið í „e. lið að tryggja...//...útlit bygginga og form og aðgengi fyrir alla.“

Mikilvægt er að í 3. grein skilgreiningar verði „aðgengi fyrir alla“ skilgreint.

Eini staðurinn í frumvarpinu þar sem skilgeint er aðgengi, að einhverju leiti er í fjórðu málsgrein 45 gr, skipulagsreglugerðar:

„Í skipulagsreglugerð skal kveðið á um öryggisforsendur og takmarkanir á landnotkun. T.d vegna náttúruvár, verndar, svo sem vatnsverndar, eða mengunar. Þá skal sérstaklega kveðið á um aðgengi fyrir alla.“

Þetta er skýrt og verður vonandi enn betur útfært í reglugerð.

Það segir sig sjálft að hvers konar skipulag hefur veruleg áhrif á aðgengi. Hvort sem um er að ræða landsvæði, eða hvers konar mannvirki skulu byggð á ákveðnum reit er ávalt mikilvægt að skoða hverjir skuli nota svæðið eða bygginguna og með tilvitnun í stjórnarskrá lýðveldisins Ísland „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda... “

Það er ekkert jafnrétti, ef menn geta ekki notið skólagöngu, vegna óásættanslegs aðgengis, t.d. þar sem ómögulegt er að komast um hverfið! Sama á við um bústað, nám, vinnu eða tólmstundir.

Niðurstöður

Öryrkjabandalag Íslands fagnar þeirri vinnutilhögun sem fram kom við gerð draga að frumvarpi að lögum um mannvirki, þar sem ÖBÍ hefur átt sinn fulltrúa í bakhóp nefndarinnar. Notendasamráð sem þetta er að mati ÖBÍ til fyrirmyndar og er lögð áhersla á að slík vinnutilhögun verði viðhöfð í framtíðinni.

Öryrkjabandalag Íslands leggur á það þunga áherslu að í markmiðsgreinum beggja frumvarpanna verði lögð áhersla á **aðgengi fyrir alla**. ÖBÍ fagnar að þetta skuli vera komið skýlaust í frumvarp til skipulagslaga, en ítrekar jafn framt nauðsyn þess að það skuli kveðið fastar að í markmiðsgrein frumvarps til laga um mannvirki.

ÖBÍ telur mikla nauðsyn á að koma á aðgengishönnun sem skyldu og því mikilvægt að hún sé a.m.k. talin upp í því sem eigi að vera á reglugerð.

Allt frá fyrstu heildarlögum um byggingarmálefni landsins hefur Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra og önnur félög innan ÖBÍ óskað eftir að sett verði ákvæði í lög um viðurlög þegar ekki er farið að lögum um aðgengi fyrir alla. Á þessu hefur verið töluverður misbrestur og hreint ótrúlegt að ekki skuli enn fást inn í lagatextann að aðgengi skuli vera samkvæmt lögum til að taka megi byggingu í notkun!

Í Byggingarreglugerð frá 1. júlí 1992 stendur í annari málsgrein 8.2.2.1. Lyftur: „Við meiriháttar breytingar á byggingum skal tryggja aðgengi hreyfihamlaðs fólks í hjólastól m.a. með lyftubúnaði...“ Þetta hefur fallið niður úr síðari reglugerðum og er af því mikil eftirsjá. Það væri því ákaflega áriðandi að í upptalningu á því sem skuli vera í reglugerð við lög um mannvirki verði krafa um bætt aðgengi fyrir alla við meiriháttar breytingar eða lagfæringar. Það hefur viljað brenna við að þegar menn hafa ráðist í meiriháttar breytingar á eldra húsnæði hafi **aðgengi fyrir alla** gleymst!

Öryrkjabandalag Íslands bindur miklar vonir við Byggingarstofnun og treystir því að þar verði aðgengi fyrir alla í hávegum haft. ÖBÍ telur það mjög mikilvægt að þegar hin nýja stofnun tekur til starfa, verði sem fyrst komið á föstu sambandi, bæði við gerð nýrrar reglugerðar sem og virks eftirlits með aðgengismálum um allt land.

Reykjavík, 18. apríl 2007

Guðmundur Magnússon, formaður ferlinefndar ÖBÍ